


**Varðar: Blikastaðavegur 10 - framkvæmdaleyfi**

Lögð fram umsókn Veitna, dags. 23. júní 2025, um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu háspennustrengja milli aðveitustöðvar 8 að Blikastaðavegi 10 að Aðveitustöð 9 í Mosfellsbæ við Dælustöðvarveg. Einnig er lagt fram lagnaleyfi Vegagerðarinnar, dags. 13. mars 2025, vegna leiðslu/vinnu á vegsvæði Hringvegjar, verkeikningar, dags. 10. mars 2025, og skýringarmynd, ódags.

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða lagningu háspennustrengja. Framkvæmdin telst ekki meiriháttar né umfangsmikil.


Í gildi er deiliskipulag fyrr Blikastaðaveg 2-10 sem einungis litill hluti framkvæmdarinnar nær inn á. Að öðru leyti er framkvæmdasvæðið utan deiliskipulagsáætlana. Í skilmálum aðalskipulags Reykjavíkur 2040 segir m.a.: „Þétting byggðar leiðir til þess að flutningsgeta rafdreifikerfisins verður viðá fullnýtt. Þá þarf að styrkja og endurnýja núverandi rafdreifikerfi (strengi, spennustöðvar) í grónum hverfum borgarinnar“.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, landnotkun.

**Lýsing á framkvæmd**

Um er að ræða lagningu háspennustrengja milli aðveitustöðvar 8 (Blikastaðavegur 9) að aðveitustöð 9 við Dælustöðvarveg í Mosfellsbæ. Háspennustrengir munu koma í stað loftlínu. 40-50 m af lagnaleiðinni liggur í landi Reykjavíkurborgar nærri Tengivirki í Korpu. Háspennustrengir munu liggja í landi borgarinnar meðfram nýlögðum háspennustrengjum Landsnets.



Yfirlitsmynd framkvæmda.

### Lagnaleyfi á vegsvæði Vegagerðarinnar

Fyrir liggur leyfi Vegagerðarinnar, dags. 13. mars 2025, um heimild fyrir legu lagnarinnar í veghelgunarsvæði Vesturlandsvegur.

### Framkvæmdaáætlun

Framkvæmdatími á heildar framkvæmd er frá júlí - nóvember 2025 og verður jarðvinna í landi Reykjavíkurborgar á tímabilinu september - október 2025.

### Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi vegna lagningu háspennistrengja milli aðveitustöðvar 8 að Blikastaðavegi 10 að aðveitustöð 9 í Mosfellsbæ við Dælustöðvarveg enda er framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur. Þá liggur fyrir heimild Vegagerðarinnar fyrir legu lagnarinnar í skilgreindu veghelgunarsvæði.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími er áætlaður frá júlí – nóvember 2025. Framkvæmdir í landi Reykjavíkur á tímabilinu september – október 2025.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til 5 mánaða frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun, frá byrjun júlí til loka árs 2025. En verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að framkvæmdasvæðið er við umferðarmikla stofnbraut. Því skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við stofnbrautina og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun/raski og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess.

Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflega um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif eins og unnt er. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá framkvæmdum t.d. af völdum olíu og annarra efna sem geta losnað út í umhverfið meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt að framkvæmdaaðilar séu vel upplýstir um umhverfismál áður en framkvæmdir hefjast.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.